

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. gr.

Töluliður 13 í fylgiskjali 1 orðist svo:

- | | | |
|--------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| 13. a. | Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári | 1 |
| b. | Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500–2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta úrgangsolíu á staðnum að magni 10.000 tonn á ári eða meira | 2 |
| c. | Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50–499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta úrgangsolíu á staðnum í minna magni en 10.000 tonn á ári | 3 |
| d. | Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar | 4 |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. ágúst 2015.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.